

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 66/1994.

**Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

**Sigurði Jóhanni Hermannssyni**

(Örn Clausen hrl.)

Líkamsárás. Sönnun. Skilorð. Reynslulausn. Skaðabætur. Málsvarnarlaun. Vítur. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. janúar 1994 til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsíákvörðunar og greiðslu skaðabóta. Þá krefst ákærvaldið lækkunar málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns.

I.

Málsatvikum og framburði vitna er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Af gögnum málsins er ljóst, að rannsókn lögreglunnar á Akureyri var í upphafi slæg. Henni var gert viðvart um átökin um það bil klukkustundu eftir, að þau urðu, og fékk hún þá þegar vitneskju um áverka kærands og þá aðgerð, sem hann þurfti að gangast undir hjá tannlækni strax um nóttina. Lögregla hafði tal af ákærða, sem kom á lögreglustöðina skömmu síðar af öðrum ástæðum, en gerði hvorki reka að því að tryggja návist hans við upphaf rannsókna málsins né kanna líkamlegt ástand hans sjálfs, að því er séð verður, þótt kærandi hefði þegar nefnt hann sem árásarmann. Vitni voru ekki yfirheyrð fyrr en fimm til sjö dögum síðar og eitt þeirra ekki fyrr en að liðnum fimmtán dögum. Sjálfur kom ákærði ekki til yfirheyrslu fyrr en mánuði síðar og hafnaði því þá að tjá sig um málsatvik. Hann sinnti ekki frekari kvaðningum lögreglu fyrr en að liðnum enn öðrum mánuði, en í þeirri frumskýrslu, sem þá var tekin, neitaði hann sök.

## II.

Kærandi máls þessa hefur staðfastlega borið, að ákærði hafi fyrirvaralaust slegið hann hnefahögg í andlitið og valdið þeim áverka, sem í ákæru greinir. Engum öðrum hafi verið til að dreifa. Þrjú vitni, öll allsgáð, fylgdust með atburðum í 20-25 metra fjarlægð úr kyrrstæðri bifreið. Þótt ekkert þeirra hafi séð ákærða veita kæranda áverkann, bar þeim saman um, að þau hefðu enga áverka séð á kæranda, áður en ákærði sleit hann frá piltunum tveimur, sem voru að tuskast á gangstéttinni við Geislagötu. Það hafi fyrst verið, eftir að ákærði ýtti kæranda út á götuna, í nokkra fjarlægð frá piltunum, sem þau sáu, að blóð lagaði úr munni kæranda. Þau hafi litið af atganginum þá stuttu stund, sem þar leið á milli. Vitnunum ber einnig saman um, að átök piltanna tveggja hafi fremur líkst tuski eða togstreitu en barsmíðum, og engum sögum fer af því, að þeir hafi hlotið áverka hvor af öðrum. Annar þeirra, kunningi ákærða, var og ofurólvi og ekki til frásagnar um atburðinn að eigin sögn. Af lýsingu viðstaddra verður ekki séð, að höggið á munn kæranda hafi vakið nein viðbrögð hjá piltunum tveimur eða haft áhrif á átök þeirra, sem lauk án frekari afskipta ákærða eða kæranda.

Sá piltanna, sem er kunningi kæranda, bar við lögreglurannsókn, að hann hefði séð ákærða slá kæranda eitt hnefahögg og strax hefði blætt úr munni hans. Við meðferð málsins gat hann ekki fullýrt þetta, en kvaðst hafa metið það svo, að ákærði hefði verið hér að verki, þar sem hann sá þá skömmu áður ræðast við og engir aðrir voru nærstaddir. Á sama tíma hefði hann sjálfur verið að kljást við hinn piltinn. Tvö vitnanna hafa borið fyrir dómi, að ákærði hafi haft í hótunum við þau, ef þau bæru á hann sök í tilefni þessa atburðar.

Þegar framangreint er virt, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er að sök gefin, og er hún rétt færð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði hefur tvívegis áður hlotið refsídóm fyrir líkamsárás, í bæði skiptin brot gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Í fyrra skiptið, 14. ágúst 1990, hlaut hann 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir tvær árásir og fleiri hegningarlagabrot. Í síðara skiptið, 24. apríl 1991, var hann dæmdur í 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, og þá einnig fyrir brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga. Var skilorð fyrra dómsins

tekið upp með þeim dómi. Þá var hann dæmdur í 2 mánaða fangelsi ári síðar fyrir ölvun og réttindaleyfi við akstur. Hann hlaut reynslulausn í 1 ár 4. nóvember 1992 á 30 daga eftirstöðvum refsingar. Með broti því, sem hér er fjallað um, hefur ákærði rofið skilorð dómsins frá 24. apríl 1991 og skilyrði reynslulausnarinnar. Ber því með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955 og 2. gr. laga nr. 20/1981 að fella hina 4 mánaða skilorðsbundnu fangelsisrefsingu og 30 daga reynslulausn ákærða inn í refsingu þá, sem honum er nú gerð. Með hliðsjón af sakaferli ákærða og vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir hún hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi. Er þá meðal annars litið til þess, að fyrri brot ákærða gegn 218. gr. laganna voru öll framin árið 1987, þegar hann var á 19. aldursári.

Dæma ber ákærða til að greiða Baldvin Ringsted Vignissyni, Vanabyggð 8 d, Akureyri, skaðabætur vegna kostnaðar hans af komu á slysadeild, tannlæknaþjónustu og vinnutaps, samtals 47.310 krónur. Kröfu um kostnað vegna síðari tannviðgerða er vísað frá dómi, þar sem krafan er einungis byggð á áætlan.

Ákærði er dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir.

### III.

Ekki eru efni til að fallast á kröfu ákæruvaldsins um lækun málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða í héraði.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lét vararíkissaksóknari að því liggja, að við ákvörðun málsvarnarlauna hefði héraðsdómari öðrum þræði haft í huga sjónarmið um aðstæður hins skipaða verjanda, sem eru málinu óviðkomandi. Þessi málflutningur er ósamboðinn embætti ríkissaksóknara og vítaverður.

### D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Jóhann Hermannsson, sæti fangelsi 7 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns þar, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, 75.000 krónur.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skip-aðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttar-lögmans, 40.000 krónur.

**S é r a t k v æ ð i**  
**Péturs Kr. Hafstein**

Ég er samþykktur I. og III. kafla í dómsatkvæði meirihlutans.

Eins og atvikum og áverkum kæranda virðist vera háttað, er ekki loku fyrir það skotið, að áverkarnir hafi með einhverjum hætti get-að hlotist í stimpingum þeirra fjögurra, sem um er að ræða. Héraðsdómari hefur metið sönnunargildi framburðar vitna svo, að sak-felling ákærða verði ekki á honum byggð. Er eigi unnt að hagga því mati í æðra dómi án sönnunarfærslu þar. Önnur sönnunargögn leiða ekki til gagnstæðrar niðurstöðu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sýknu ákærða.

**Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 30. desember 1993.**

Mál þetta, sem dómtekið var þann 29. desember sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 17. ágúst 1993, „á hendur Sigurði Jóhanni Hermannssyni, Oddeyrargötu 8, Akureyri, fæddum 13. febrúar 1969, fæðingarnúmer 451, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt fimmtu-dagsins 20. maí 1993 við Geislagötu 12 á Akureyri slegið Baldvin Ringsted Vignisson, fæddan 1. október 1974, í andlitið með þeim afleiðingum að mið-framtönn og hliðarframtönn hægra megin í neðri gómi hans skekkust, kjálkabein brotnaði og tannhold rifnaði frá.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Baldvin Ringsted Vignisson skaðabóta úr hendi ákærða, kr. 168.530,00, auk vaxta“.

Verjandi ákærða, Sigurður Eiríksson héraðsdómsslögmaður, hefur aðal-lega krafist sýknu af öllum kröfum ákærvalds.

*Málavextir.*

Fimmtudaginn 20. maí 1993 kl. 02.00 var óskað eftir aðstoð lögreglu að tannlæknastofu Steinars Þorsteinssonar hér í bæ. Samkvæmt skýrslu lög-reglumans, er fór á vettvang, var þar fyrir pilturinn Baldvin Ringsted

Vignisson, fæddur 1974, og skýrði hann frá tilefnislausri barsmíð ákærða, Sigurðar Jóhanns, nokkru áður. Pilturinn bar sýnilega áverka við munn. Í frumskýrslunni, sbr. og upplýsingaskýrslu vakthafandi varðstjóra, er greint frá því að ákærði hafi af sjálfsdáðum lagt leið sína á lögreglustöðina á Akureyri um kl. 03.00 umrædda nótt og við það tækifæri kannast við að hafa átt í útistöðum við Baldvin Ringsted. Hins vegar hafi ákærði neitað því að hafa valdið piltinum áverka í andliti með hnefahöggi.

Baldvin Ringsted Vignisson bar fram kæru á hendur ákærða hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri föstudaginn 21. maí. Í kæruskýrslu lýsti hann háttsemi ákærða, afleiðingum barsmíðanna og loks för á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA) og tannlæknastofu Steinars Þorsteinsonar.

Í áverkavottorði nefnds tannlæknis, sem dagsett er 14. júní 1993, segir m.a.: „Baldvin kom til mín þann 20.05.93 kl. 01.45 eftir að hafa verið sleginn í andlitið. Tvær tennur, miðframtönn og hliðarframtönn hægra megin í neðri góm voru skekktar inn í munninn. Tennurnar sjálfar voru óbrotnar en kjálkabeinið sem umlykur þær var brotið og tannholdið var rífið frá.“

Í framannefndri kæruskýrslu lýsti Baldvin atvikum máls svo, að hann hefði aðfaranótt 20. maí verið að skemmta sér ásamt félagamönnum sínum, Þormóði Aðalbjörnssyni, í miðbæ Akureyrar. Þeir hefðu báðir verið undir áhrifum áfengis og á göngu norður Geislagötu að skemmtistaðnum Sjallanum, en þá veitt því athygli hvar vitnið Hafþór Jörundsson stóð upp við hús nr. 12, afgreiðslu Happraættis Háskóla Íslands, greinilega afar ölvaður. Þá kvaðst kærandi hafa veitt því athygli að ákærði var í viðræðum við fólk í Skodabífreið nokkru sunnar í götunni. Kærandi kvað nefndan félagamönnum sínum og Hafþór hafa rekist saman, er þeir mættust, og það leitt til þess, að þeir tveir fóru að tuskast á gangstéttinni. Í lögregluskýrslu lýsti Baldvin málsatvikum nánar svo: „Mætti segir að þeir (Hafþór og Þormóður) hafi ekkert sagt heldur bara tekið hvor í annars fatnað og togast á. Þeir hafi ekki slegið eða sparkað hvor til annars. Mætti segir, að þetta hafi staðið nokkra stund, og kveðst hann ekki hafa skipt sér af þessu. Er þetta hafi síðan farið að magnast, hafi sér leiðst þófið og ákveðið að reyna að skilja Þormóð og Hafþór að. Í þeim tilgangi hafi hann tekið með annarri hendi utan um Hafþór aftan frá og með hinn reynt að stugga Þormóði burtu. Sigurður Hermannsson hafi þá verið kominn þarna að og hafi greinilega talið að þeir Þormóður og mætti ætluðu í sameiningu að ganga í skrokk á Hafþóri. Sigurður hafi tekið um hálsinn á mætta og slitið hann frá Hafþóri með þeim orðum að þeir ættu ekki að vera að ráðast tveir að einum. Mætti kveðst hafa svarað því til að hann hafi bara ætlað að stugga þeim í sundur og að það þyrfti að gera það

áður en færi í verra. Mætti kveðst hafa rætt þetta við Sigurð stutta stund og hafi Sigurður tekið undir orð hans. Mætti segir að hann hafi síðan litið frá Sigurði og síðan ekki vitað fyrir til en Sigurður veitti sér afar fast hnefahögg í andlitið. Mætti kveðst ekki gera sér grein fyrir, með hvorri hendi Sigurður sló.

Mætti segir að hann hafi vankast við höggið en þó ekki misst meðvitund. Hann kveðst hafa gripið um andlit sér og séð að töluvert blæddi úr munni sér. Þá kveðst hann einnig hafa fundið að tennur voru lausar í munnum. Mætti segir að Sigurður hafi ekki fylgt árásinni eftir á neinn hátt og kveðst ekkert hafa vitað af honum eftir þetta. Mætti kveðst strax hafa stöðvað næsta bíl, sem átti leið hjá, og óskað eftir fari á slysadeild. Því hafi ekki verið sinnt og kveðst hann þá hafa borið sig upp við ökumann Skoda-bifreiðarinnar, Pál Svavarsson, og beðið hann þess sama. Páll hafi síðan ekið sér á slysadeild FSA. Þar kveðst mætti hafa verið skoðaður en síðan hafi verið kallaður út tannlæknir, Steinar Þorsteinsson, og kveðst mætti hafa farið strax til aðhlyningar hjá honum.“

Kærandi staðfesti ofanefnda skýrslu fyrir dómi og vísaði til þess að vegna afskipta ákærða hefði hann farið vestur af gangstéttinni og út á akbrautina. Hann kvaðst ekki hafa hlotið áverka vegna þessara tilfæringa og bar að Pormóður og Hafþór hefðu haldið áfram að tuskast á gangstéttinni eftir þetta. Kvaðst hann líkt og ákærði hafa fylgst með athöfnum þeirra stutta stund og m.a. haft á orði við ákærða að réttast væri að þeir stilltu til friðar, en á sömu stundu orðið fyrir andlithögginu. Kærandi kvaðst hafa staðið skammt frá ákærða er þetta gerðist og bar að hann hefði skynjað hreyfingu á ákærða á sömu stundu og hann varð fyrir högginu. Hann kvaðst hafa vankast við barsmíðina en ekki fallið til jarðar. Kærandi fullyrti að einungis þeir fjórir hefðu verið á vettvangi greint sinn auk fólksins, sem var inni í Skoda-bifreiðinni. Fyrir dómi ætlaði kærandi, að afskipti sín af Hafþóri Jörundssyni hefðu varað í um það bil 1 mínútu og viðskiptin við ákærða í um 1–2 mínútur.

Ákærði, Sigurður Jóhann Hermannsson, hefur fyrir dómi með öllu neitað sakargiftum líkt og við lögreglurannsókn málsins.

Fyrir dómi skýrði ákærði frá því, að hann hefði nokkru eftir miðnætti þann 20. maí farið frá kjallarakrá skemmtistaðarins Sjallans ásamt vitninu Hafþóri Jörundssyni og þeir gengið suður Geislagötu áleiðis að miðbæ Akureyrar. Ákærði kvaðst þá lítillga hafa fundið til áfengisáhrifa. Rétt norðan við hús nr. 10 kvaðst ákærði hafa hitt að máli ökumann Skoda-bifreiðar, vitnið Pál Svavarsson. Á meðan á viðræðum þeirra stóð um hliðarrúðu bifreiðarinnar, kvaðst ákærði hafa veitt því athygli, hvar Hafþór

var í áflogum við tvo pílta, Þormóð Kristján og kæranda, nánar tiltekið við hús nr. 12, afgreiðslu Happprættis Háskóla Íslands. Ákærði kvaðst hafa gengið til piltanna og séð hvar Hafþór hélt Þormóði niðri á meðan hann lamdi til hans. Ákærði kvað kæranda hafa haldið aftan í Hafþór. Kvaðst ákærði hafa stöðvað áflogin með því að taka í öxl kæranda og færa hann frá, en því næst kvaðst hann hafa snúið sér að Þormóði, en að mati ákærða var hann árásargjarnari. Ákærði bar, að framangreind afskipti sín hefðu einungis tekið nokkrar sekúndur og að því loknu hefði hann litið til kæranda og þá séð, að hann var alblóðugur í andliti. Fyrir dómi hafði ákærði ekki skýringar á tilkomu áverkans, en kvaðst eigi hafa séð andlit kæranda, er hann hóf afskipti af áflogunum, og færði hann frá. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa séð kæranda verða fyrir höggum eða olnbogaskotum eða séð hann falla til jarðar. Ákærði kvað einungis þá fjóra hafa verið á vettvangi greint sinn. Ákærði tók fram, að hann hefði ekki þekkt kæranda fyrir þennan atburð, og mótmælti hann framburði kæranda, þ. á m. um, að þeir tveir hefðu staðið hlið við hlið á akbrautinni og fylgst með atgangi félaga þeirra. Ákærði kvaðst ekki hafa hlotið áverka vegna framangreindra afskipta og ekki borið ummerki á höndum. Eftir atburðinn kvaðst ákærði hafa neytt frekara áfengis og bar fyrir dómi að hann minntist ekki viðkomu á lög-reglustöð um kl. 03.00 margnefnda nótt.

#### *Framburður vitna.*

Vitnið Páll Svavarsson, fæddur 1975, kvaðst hafa verið ökumaður nefndrar Skoda-bifreiðar. Í Geislagötunni kvaðst hann hafa séð til ferða ákærða og Hafþórs Jörundssonar á gangi, stöðvað bifreiðina við gangstéttarbrúna skammt sunnan við hús nr. 12, afgreiðslu Happprættis Háskóla Íslands, og tekið ákærða tali. Vitnið kvað Hafþór á hinn bóginn hafa staðnæmst fyrir framan afgreiðslu happprættisins, en að mati vitnisins var hann mjög ölv-aður. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa veitt því athygli er kærandi, Baldvin Ringsted, og Þormóður Aðalbjörnsson gengu norður götuna og fóru að ræða við Hafþór. Vitnið kvaðst hafa fylgst með samskiptum þessara manna um framrúðu bifreiðarinnar úr nokkurra metra fjarlægð, og skýrði hann svofellt frá í lögregluskýrslu, dagsettri 25.05. sl.:

„Mætti kveðst hafa veitt því athygli að Hafþór og Þormóður voru farnir að slást, þ.e. búnir að grípa hvor í annars fót og farnir að tuskast. Mætti segir að Baldvin hafi ekki skipt sér af þessu. Mætti segir að Baldvin hafi síðan eftir nokkra stund farið að reyna að stúa Hafþóri og Þormóði í sundur. Hann kveðst þó ekki geta lýst hvernig Baldvin fór nákvæmlega að við það. Mætti kveðst hafa sagt við Sigurð: „Ætlar þú ekki að fara og hjálpa Haffa?“

Sigurður hafi svarað: „Jú“ og hafi um leið rétt mætta glas sem hann var með. Sigurður hafi síðan gengið þarna að og gripið í föt Baldvins og kippt honum frá. Mætti segir að hann hafi síðan farið að líta eftir umferð eða eitthvað slíkt. Er hann hafi aftur litið til drengjanna hafi hann séð hvar Baldvin hafi haldið um andlitið og hafi runnið mikið blóð frá því. Mætti segir að Baldvin hafi strax stöðvað bíl, sem átti leið hjá, en þeim bíl hafi verið ekið áfram án afskipta. Baldvin hafi þá komið að bíl mætta og beðið um að sér yrði ekið á slysideild. Mætti kveðst hafa fallist á það. Baldvin hafi sest í aftursætið og þau ekið öll fimm upp að FSA.“

Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir dómi og ítrekaði, að hann hefði litið augnablik af ákærða og Baldvin eftir að þeir tveir höfðu farið frá Hafþóri og Þormóði. Vegna þessa kvaðst vitnið ekki hafa séð hvernig áverkar Baldvins á munnnum voru til komnir, en tók fram að hann hefði ekki sérstaklega veitt andliti hans athygli áður. Á hinn bóginn kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða og Baldvin í beinum átökum ellegar að Baldvin félli til jarðar í greint sinn. Vitnið ætlaði að samskipti þessara manna hefðu í heild varað í um 2–5 mínútur, og bar, að eftir að þau voru yfirstaðin, hefði ákærði komið að bifreið hans að nýju og borið fram ósk um að Baldvin yrði ekið á sjúkrahús. Þá ítrekaði vitnið fyrir dómi orð sín fyrir lögreglu að ákærði hefði látið að því liggja að hann myndi hafa verra af ef hann greindi frá málsatvikum.

Vitnið Þormóður Kristján Albertsson, fæddur 1973, kvaðst umrædda nótt hafa verið að skemmta sér ásamt vini sínum, Baldvin Ringsted, og fundið til nokkurra áfengisáhrifa. Í lögregluskýrslu, dagsettri 25. maí, greindi vitnið frá því að þeir félagar hefðu farið fótgangandi frá miðbænum norður Geislagötu. Í skýrslu hans fyrir lögreglu segir síðan:

„Á móts við afgreiðslu Happraðttis háskólans hafi þeir mætt Hafþóri Jörundssyni. Hafþór hafi verið afar ölvaður og segir mætti að þeir hafi rekist saman er þeir mættust. Hafþór hafi greinilega tekið það sem svo að mætti hafi viljandi stuggað við sér, því að hann hafi komið á eftir mætta og gripið í hann. Þeir hafi svo farið að tuskast eitthvað þarna með því að grípa hvor í annars fatnað. Mætti segir að í þessu hafi staðið svolitla stund en þá hafi Baldvin farið að reyna að ná þeim í sundur. Mætti segir að Baldvin hafi tekið um Hafþór aftan frá og reynt að toga hann frá mætta. Þá hafi Sigurður Hermannsson komið þarna að og þrifið til Baldvins og kippt honum frá Hafþóri með þeim orðum að þeir ættu ekki að ráðast tveir á einn. Sigurður hafi greinilega verið talsvert ölvaður. Mætti kveðst síðan hafa séð að Sigurður og Baldvin voru að ræða saman og kveðst hann sjálfur um leið hafa haldið áfram að tuskast við Hafþór. Mætti kveðst síðan hafa séð Sigurð veita Baldvin eitt hnefahögg og að strax blæddi talsvert úr munnnum Bald-

vins. Baldvin hafi farið að Skoda-bifreið, sem var þarna skammt frá, og farið burt með henni. Mætti kveðst því ekki hafa getað talað við Baldvin áður en hann fór. Sigurður hafi horfið af vettvangi. Mætti segir að þeir Hafþór hafi hætt að tuskast án frekari eftirmála.“

Fyrir dómi dró vitnið til baka orð sín um að hann hefði séð ákærða berja Baldvin hnefahögg á munninn. Vitnið kvaðst hins vegar hafa metið það svo á vettvangi að ákærði væri valdur að áverkanum, m.a. vegna þess að hann hefði skömmu áður séð þá ræðast við og að engir aðrir hafi verið nærstaddir. Þá kvaðst hann sjálfur á sama tíma hafa verið að kljást við Hafþór. Loks kvaðst vitnið hafa ályktað á þennan veg vegna harkalegra viðbragða ákærða síðar um nóttina er hann skýrði honum frá ástandi Baldvins. Að öðru leyti staðfesti vitnið framburðarskýrslu fyrir lögreglu.

Vitnið Trausti Snær Friðriksson, fæddur 1976, kvaðst hafa setið í aftursæti Skoda-bifreiðar, þar sem að hún var kyrrstæð og að nokkru uppi á gangstétt, skammt sunnan við hús nr. 12 við Geislagötu. Vitnið bar að ákærði hefði komið að bifreiðinni og átt tal við ökumanninn, Pál Svavarsson. Þá kvaðst vitnið hafa fylgst með því um framrúðu bifreiðarinnar er piltarnir Hafþór og Þormóður byrjuðu að kljást nokkrum metrum norðar í götunni. Að áliti vitnisins var Hafþór áberandi ölvaður og lýsti hann atgangi þeirra fremur sem tuski en beinum barsmíðum. Vitnið kvað kæranda, Baldvin Ringsted, og hafa blandast í þennan atgang. Vitnið kvað ökumann bifreiðarinnar, Pál Svavarsson, hafa vakið athygli ákærða á þessum viðskiptum og hann þá gengið til piltanna og skilið þá í sundur og í framhaldi af því dregið Baldvin frá hinum tveimur. Kvaðst vitnið ekki hafa séð áverka á Baldvin á þessari stundu. Er hér var komið sögu kvaðst vitnið hafa litið frá piltunum í um 2–5 mínútur, en litið til þeirra að nýju er vitnið Páll minnst á áverka Baldvins. Vitnið kvaðst þá hafa séð hvar ákærði hélt utan um Baldvin og hann sjálfur um blóðugan munninn. Vitnið kvað þá tvo hafa staðið um 2–3 metra frá Hafþóri og Þormóði er þetta gerðist og bar vitnið að aðrir aðilar hefðu ekki verið nærstaddir. Vitnið kvað ákærða hafa komið með Baldvin að Skoda-bifreiðinni og beðið um akstur fyrir hann á sjúkrahús. Vitnið kvaðst hafa verið án áfengisáhrifa greint sinn.

Vitnið Sylvía Kristjánsdóttir, fædd 1976, bar fyrir dómi að hún hefði umrædda nótt setið í framfarþegasæti Skoda-bifreiðar Páls Svavarssonar í Geislagötu og fylgst með útistöðum piltanna Hafþórs og Þormóðs, nokkrum metrum norðar í götunni. Fyrir dómi bar vitnið, að skuggsýnt hefði verið á vettvangi, en vísaði þó til þess að skyggjur hefðu verið á aftur- og hliðarrúðum bifreiðarinnar. Vitnið kvað ákærða við upphaf viðskipta nefndra pilta hafa verið að ræða við ökumanninn, Pál Svavarsson. Þá kvaðst hún

hafa séð hvar kærandi, Baldvin Ringsted, stóð á lengdar hjá og fylgdist með atganginum. Að mati vitnisins var Hafþór mjög ölvður, en hinir þrír virtust eitthvað minna undir áhrifum áfengis. Vitnið kvað kæranda loks hafa blandað sér í leikinn og ákærði þá einnig tekið viðbragð og blandað sér í málið. Kvaðst vitnið hafa fylgst með því er ákærði ýtti Baldvin og Þormóði að húsveggnum við afgreiðslu happdrættisins en skömmu síðar séð hann ýta Baldvin út á akbrautina. Vitnið kvað Hafþór og Þormóð hafa haldið kyrru fyrir á gangstéttinni. Vitnið tók fram að fram að þessu hefði hún ekki séð hnefahögg fara milli aðila. Þá kvaðst hún ekki hafa séð áverka í andliti Baldvins Ringsted. Vitnið kvaðst, er hér var komið sögu, hafa litið af piltunum í nokkrar mínútur en að þeim tíma liðnum séð hvar ákærði stóð enn á akbrautinni en var þá orðinn alblóðugur í andliti. Vitnið kvað Hafþór og Þormóð hafa verið á svipuðum slóðum og áður. Þá taldi vitnið að ákærði hefði og verið þarna nærstaddur, án þess að hún gæti nákvæmlega sagt til um staðsetningu hans. Aðra aðila kvaðst vitnið ekki hafa séð á vettvangi. Vitnið bar að Baldvin hefði haft orð um það á leiðinni á sjúkrahús að ákærði væri valdur að áverka sínum. Vitnið kvaðst hafa verið án áfengisáhrifa greint sinn.

Vitnið Hafþór Jörundsson, fæddur 1973, kannaðist við það fyrir dómi að hann hefði verið ásamt ákærða í kjallarakrá skemmtistaðarins Sjallans margnefnda nótt. Sökum minnisleysis af völdum áfengisneyslu gat hann ekki greint sjálfstætt frá málsatvikum við Geislagötu 12. Þá minntist hann þess ekki að hafa verið með áverka daginn eftir atburðinn.

Vitnið Felix Jósafatsson lögregluvarðstjóri staðfesti fyrir dómi komu ákærða á lögreglustöð aðfaranótt 20. maí svo og frásögn hans af samskiptum við kæranda, líkt og að framan var rakið. Vitnið bar, að eigi hefði verið um formlega yfirheyrslu að ræða, til að mynda hefði ekki verið gætt ákvæða 3. mgr. 32. gr. réttarfarslaga nr. 19/1991.

Af hálfu sakflytjenda var við aðalmeðferð málsins ekki óskað eftir frekari vitnaleiðslum, en upplýst var, að þriðji farþegi Skoda-bifreiðarinnar, vitnið Eva Jóhanna Pálmadóttir, hefði flust búferlum til Svíþjóðar.

Dómari kannaði vettvang í Geislagötu undir rekstri málsins.

### *Niðurstaða.*

Í máli þessu þykir verða að leggja til grundvallar frásögn ákærða um að tilgangur hans með afskiptum af kæranda, Baldvin Ringsted, og vitninu Þormóði Aðalbjörnssyni hafi verið að stöðva atgang þeirra gagnvart félagu hans, Hafþóri Jörundssyni, en upplýst er, að Hafþór var ofurölvi aðfaranótt 20. maí sl. Við meðferð málsins hefur nefndur Baldvin staðfastlega borið, að áverka sína megi rekja til fyrirvaralauss hnefahöggs frá ákærða, eftir að

ákærði hafi kippt sér út á akbraut Geislagötu. Hefur kærandi vísað til þess að hann hafi orðið var við hreyfingu á ákærða rétt fyrir barsmíðina. Þá hefur kærandi haldið því fram, að öðrum aðilum en ákærða hafi ekki verið til að dreifa á vettvangi greint sinn. Vitnum, sem kvödd voru fyrir dóm, bar saman um að þau hefðu ekki séð áverka á kæranda fyrr en eftir að ákærði hafði fært kæranda af gangstéttinni og út á akbrautina. Þegar framangreint er virt með hliðsjón af frásögn vitna um alla hegðan ákærða á vettvangi svo og síðar um nóttina, þykja allnokkrar líkur fyrir því, að hann sé valdur að áverkum þeim er Baldvin Ringsted hlaut umrædda nótt.

Á hinn bóginn ber að líta til eftirfarandi atriða:

Ákærði hefur frá upphafi athugana og rannsóknar lögreglu svo og fyrir dómi neitað sakargiftum. Ekkert þeirra þriggja vitna, sem fylgdust með atvikum máls úr Skoda-bifreiðinni og gáfu skýrslu fyrir dómi, sá ákærða slá til Baldvins Ringsted, en samkvæmt athugun dómsins má ætla að vitnin hafi fylgst með atvikum máls úr um 20–25 metra fjarlægð. Öll voru vitnin án áfengisáhrifa. Upplýst er að Þormóður og Hafþór héldu áfram að tuskast eftir að ákærði hafði tekið Baldvin frá, en samkvæmt vætti Trausta Snæs var kærandi einungis 2–3 metra frá Þormóði og Hafþóri er hann sá áverkann á kæranda. Loks er til þess að líta að við afskipti lögreglu af ákærða aðfaranótt 20. maí var ekki gætt að ummerkjum á höndum hans.

Með hliðsjón af þeim gögnum, sem hér að framan eru rakin, og með vísan til 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, er það mat dómsins að ekki séu komnar fram alveg nægar sannanir fyrir því að ákærði sé valdur að áverkum þeim, er Baldvin Ringsted Vignisson hlaut nefnda nótt. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákærvalds í máli þessu. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber og að vísa fram kominni bótakröfu frá dómi, sbr. 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991.

Sakarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, kr. 75.000,00.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Jóhann Hermannsson, skal vera sýkn af kröfum ákærvalds í máli þessu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, kr. 75.000,00.